

4. Háskólafundur

haldinn þann 26. maí 2009 í stofu K 201 á Sólborg
Fundartími: 14:00 – 16:10

Dagskrá:

Rektor setur fundinn, fer yfir dagskrá og gerir tillögu að fundarritara.

1. Kynning á Stefáni B. Sigurðssyni prófessor, umsækjanda um stöðu rektors
2. Umsögn háskólafundar vegna ráðningar í stöðu rektors
3. Önnur mál

Mættir voru:

Astrid Margrét Magnúsdóttir (AMM) – forstöðumaður upplýsingasviðs
Ársæll Arnarson (ÁA) – fulltrúi kennara hug- og félagsvísindadeildar
Ása Guðmundardóttir (ÁG) – fulltrúi starfsmanna háskólaskrifstofu
Bragi Guðmundsson (BG) - fulltrúi kennara hug- og félagsvísindadeildar
Finnur Friðriksson (FF) - fulltrúi kennara hug- og félagsvísindadeildar
Grétar Þór Eypórsson (GPE) – fulltrúi kennara viðskipta- og raunvísindadeildar
Guðrún Rósa Þorsteinsdóttir (GRÞ) – forstöðumaður RHA
Hans Kristján Guðmundsson (HKG) – deildarforseti viðskipta- og raunvísindadeildar
Heiða Kristín Jónsdóttir (HKJ) – fulltrúi starfsmanna á háskólaskrifstofu
Helgi Gestsson (HG) - fulltrúi kennara viðskipta- og raunvísindadeildar
Hjörleifur Einarsson (HE) - fulltrúi kennara viðskipta- og raunvísindadeildar
Hrefna Kristmannsdóttir (HK) – fulltrúi prófessora
Ingveldur Tryggvadóttir (IT) – fundarritari
Jóna Jónsdóttir (JJ) – fulltrúi háskólaráðs
Kjartan Ólafsson (KÓ) – fulltrúi FHA
Ólafur Halldórsson (ÓH) – framkvæmdastjóri HA
Rachael Lorna Johnstone (RLJ) - fulltrúi kennara hug- og félagsvísindadeildar
Sigfríður Inga Karlsdóttir (SIK) - fulltrúi kennara í heilbrigðisdeild
Sigrún Magnúsdóttir (SM) – gæðastjóri HA
Sigrún Sveinbjörnsdóttir (SS) - fulltrúi kennara hug- og félagsvísindadeildar
Sigurður Kristinsson (SK) – deildarforseti hug- og félagsvísindadeildar
Sigþór Pétursson (SP) - fulltrúi kennara viðskipta- og raunvísindadeildar
Sólveig Ása Árnadóttir (SÁÁ) – fulltrúi kennara í heilbrigðisdeild
Steingrímur Jónsson (SJ) – fulltrúi kennara viðskipta- og raunvísindadeildar
Steinunn Aðalbjarnardóttir (SA) – forstöðumaður kennslusviðs
Steinþór Þorsteinsson (SP) – varafulltrúi nemenda í háskólaráði
Þorsteinn Gunnarsson (ÞG) – rektor HA
Þóroddur Bjarnason (ÞB) – fulltrúi starfsmanna í háskólaráði

Fundarsetning 14:00-14:15.

Rektor bauð fundarmenn velkomna á fyrsta fund háskólafundar eftir breytingar á Reglum um háskólafund og fór stuttlega yfir ráðningarferlið síðan staða rektors við Háskólann á Akureyri var auglýst þann 9. janúar sl.

Í máli hans kom fram að fimm gildar umsóknir hefðu borist um starfið, frá Bjarka Jóhannessyni, Guðmundi Heiðari Frímanssonsyni, Inga Rúnari Eðvarðssyni, Ívari Jónssyni og Stefáni B. Sigurðssyni. Í kjölfarið var skipuð nefnd til að meta hæfi umsækjanda um embætti rektors og í nefndinni voru Ólafur Proppé sem var tilnefndur af háskólaráði HA, Sveinbjörn Björnsson tilnefndur af menntamálaráðuneyti og Þórdís Kristmundsdóttir tilnefnd af háskólaráði HA. Í skipunarbréfi kom fram að nefndinni bæri að leggja til grundvallar mati sínu viðmið sem tilgreind

eru í auglýsingu um embætti rektors og nefndinni var einnig bent á að hafa til hliðsjónar Reglur um störf dómnefndar, ráðningar og framgang háskólakennara við Háskólann á Akureyri og þess var jafnfram óskað að nefndin raðaði umsækjendum eftir mati á hæfi þeirra. Nefndin kallaði alla umsækjendur til viðtals og hún skilaði síðan álit 22. apríl sl. og það var niðurstaða hennar að allir umsækjendur væru hæfir til að gegna stöðu rektors við Háskólann á Akureyri en miðað við virkni í rannsóknum, reynslu í háskólakennslu, sem og reynslu í uppbyggingu, samstarfi og stjórnun kennslu og rannsókn við háskóla teldi hún dr. Stefán B. Sigurðsson fremstan meðal hæfra umsækjenda og meti hann mjög vel hæfan til embættisins.

Háskólaráð fjallaði síðan um tilnefningu rektors á fundi sínum 19. maí sl. og kallaði Stefán B. Sigurðsson til viðtals. Í auglýsingu um stöðu rektors var tekið fram að háskólaráð áskildi sér rétt til að leita umsagnar háskólafundar um þá umsækjendur sem helst kæmu til greina í starfið. Með hliðsjón af niðurstöðu nefndarinnar sem mat Stefán B. Sigurðsson fremstan meðal hæfra umsækjenda óskaði háskólaráð umsagnar háskólafundar á þeirri fyrirætlan ráðsins að tilnefna dr. Stefán B. Sigurðsson sem næsta rektor Háskólans á Akureyri.

Rektor áréttaði því næst að háskólaráð setji upp nefnd til að meta hæfi umsækjenda og óski eftir röðun skv. viðmiðum sem koma fram í auglýsingu. Næsta skref hjá háskólaráði er að fara yfir álitid og umsóknirnar. Háskólaráð tók því næst tvær ákvarðanir, í fyrsta lagi hvern eða hverja skyldi taka í viðtal og í öðru lagi hvern eða hverja skyldi kynna fyrir háskólafundum. Eftir að hafa farið yfir álitid og umsóknir var það einróma álit háskólaráðs að einn umsækjandi væri hæfastur og þess vegna ætti einungis að leita umsagnar háskólafundar um hann.

Því næst bauð rektor Stefán B. Sigurðsson velkominn og bauð honum að kynna sig.

1. Kynning á Stefáni B. Sigurðssyni prófessor, umsækjanda um stöðu rektors

Stefán B. Sigurðsson tók til máls og kynnti sig, ættir og uppvöxt, menntun og störf. Hann lýsti yfir áhuga sínum að hefja störf strax 1. júlí ef hann yrði ráðinn og lagði áherslu á hversu stóru og veigamiklu hlutverki hann teldi að Háskólinn á Akureyri gegndi á Norðurlandi sem og á landinu í heild.

Í máli sínu fór Stefán yfir kennslureynslu sína sem liggur bæði innanlands og utan m.a. hjá Háskóla Íslands, Endurmenntunarstofnun HÍ, Tækniháskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum í Lundi, Svíþjóð. Hann hefur kennt sem lektor, dósent og prófessor og stuðlað að upptöku lausnarleitarnáms (e. Problem Based Learning) við læknadeild HÍ og víðar. Hann hefur mikinn áhuga og nokkra reynslu á þróun kennslu og kennsluaðferða.

Stefán hefur verið virkur rannsakandi og verið leiðbeinandi fjölmargra nemenda við gerð BS verkefna, nokkurra meistaraverkefna og tveggja doktorsverkefna.

Stjórnunarreynsla Stefáns er víðtæk. Af stjórnunarstörfum á háskólastigi tengist hún einkum starfi deildarforseta stórrar deildar en hann hefur jafnframt verið stjórnarformaður Rannsóknastofu HÍ í meinafræðum að Keldum frá árinu 2003. Þá hefur Stefán stjórnað uppbyggingu meistara- og doktorsnáms við læknadeild HÍ, uppbyggingu námsbrauta í heilbrigðisfræðum og uppbyggingu þverfaglegra námsleiða í lýðheilsufræðum og talmeinafræðum. Hann hefur einnig reynslu í stjórnunarsamstarfi innanland og erlendis.

Varðandi rannsóknastarf háskólakennara sér Stefán fyrir sér að byggja upp sterk rannsóknasvið og rannsóknahópa, eins konar „Center of Excellence“ sem hafi þekkingu og burði til að sækja í stærri styrki, jafnt innlenda sem erlenda. Hann telur að grunnur þeirrar uppbyggingar sé að

beina því rannsóknafé sem háskólakennarar afla háskólanum með virkni sinni aftur inn í verkefni að mestum hluta.

Framtíðarsýn Stefáns er að Háskólinn á Akureyri blómstri áfram og eflist með aukinni sérhæfingu á ákveðnum fræðasviðum. Að Háskólinn á Akureyri verði í mjög miklu samstarfi við stofnanir og fyrirtæki og að lítið verði til og leitað til sérfræðinga háskólans um lausnir fyrir atvinnulífið. Lagði Stefán í máli sínu áherslu á mikilvægi teymisvinnu í rannsóknum og aukið samstarf háskóla á Íslandi á jafningjagrunni. Þá telur Stefán að mikill sveigjanleiki ætti að vera fyrir hendi varðandi kennslu- og rannsóknaskyldu kennara. Háskólinn ætti að búa svo um hnútana að þeir kennarar sem eindregið óska eftir að stunda rannsóknir ættu að fá tækifæri til þess, meðan aðrir gætu skilað vinnuframlagi sínu meira í kennslu.

Varðandi áhrif efnahagskreppunna, sem nú gengur yfir þjóðfélagið, á starf háskólans, kvaðst hann hallur undir að velta við hverjum steini í rekstrinum til að ná niður sparnaði sem kann að verða nauðsynlegur.

Í kjölfar kynningar hans gaf hann orðið laust til fundarmanna og spunnust upp líflegar umræður í tengslum við spurningar úr sal.

Að loknum umræðum vék Stefán B. Sigurðsson af fundi.

2. Umsögn háskólafundar vegna ráðningar í stöðu rektors

Rektor lagði fram tillögu að umsögn háskólafundar til háskólaráðs, svohljóðandi:

„Háskólafundur Háskólans á Akureyri haldinn 26. maí 2009 samþykkir að mæla með að háskólaráð tilnefni Dr. Stefán B. Sigurðsson, prófessor, sem rektor Háskólans á Akureyri til fimm ára.“ Í kjölfarið óskaði Bragi Guðmundsson eftir að fá orðið og steig í pontu.

BG tók fram að hann hefði ekkert út á umsögnina að setja sem slíka en hann vildi koma á framfæri athugasemdum sínum um málsmeðferð háskólaráðs. Tók hann fram að honum hefði þótt eðlilegra að á háskólafundum væri kynning á fleiri umsækjendum heldur en einum og fannst að háskólaráð hefði í reynd afsalað sér valdi sínu í hendur dómnefndar og gert hana að valnefnd. Honum fannst ámælisverð sú staðreynd að enginn fulltrúi starfsmanna hefði verið á háskólaráðsfundi 20. febrúar þegar fjallað var um málsmeðferðina vegna vanhæfis sitjandi fulltrúa í þessu máli og tveir fulltrúar ráðsins valdir í dómnefndina. Þá gerði hann athugasemd við að háskólaráði virðist ekki hafa verið alveg ljóst hvert ráðningarferlið ætti að vera frá upphafi til loka heldur spilaði á það fund frá fundi.

Því næst vakti hann athygli á því að dómnefnd undirritaði álit sitt um umsækjendur sama dag og viðtöl fóru fram og dró þá ályktun að ekki hafi mikið verið gert með þær upplýsingar sem fengust í viðtölunum, m.ö.o. að álitnið hafi verið samið fyrirfram og stuttum viðbótarupplýsingum bætt inn í um hvern og einn umsækjanda að viðtölum loknum. Dómnefnd hafi þar með jafnvel verið komin með niðurstöðu þegar hún ræddi við umsækjendur.

BG gerði því næst athugasemd við þá staðreynd að allir dómnefndarmenn komi úr HÍ og finnst honum að Háskólinn hefði átt að leita víðar við val á fulltrúum í dómnefnd. Varðandi ákvörðun háskólaráðs að boða einungis einn umsækjanda á sinn fund 19. maí til kynningar finnst honum benda til þess að háskólaráð hafi þá þegar verið búíð að taka ákvörðun um ráðninguna. Það að leita eftir staðfestingu háskólafundar á þeirri ákvörðun sé í reynd sýndarmennska ein, háskólasamfélaginu hafi ekki gefist eðlilegur kostur á því að tjá sig um málið og þess háttar vinnubrögð séu ekki lýðræðisleg.

Af þessum sökum kvaðst BG sitja hjá við atkvæðagreiðslu um umsögn háskólafundar til háskólaráðs og óskaði eftir að skoðun hans á þessum vinnubrögðum verði færð til bókar.

Í kjölfarið urðu nokkrar umræður meðal fundarmanna um málsmeðferðina.

Rektor tók því næst til máls og sagði það ekki rétt að háskólaráð hafi ekki tekið sjálfstæða ákvörðun við val á umsækjendum, heldur hafi farið saman val dómnefndar og val háskólaráðs á hæfasta umsækjandanum. Hann tók einnig fram að þessi ákvörðun hafi verið tekin á háskólaráðsfundi 19. maí sl.

Að því loknu var umsögn háskólafundar til háskólaráðs um tilnefningu á Stefáni B. Sigurðssyni til embættis rektors Háskólans á Akureyri samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Rektor þakkaði að lokum mjög gott samstarf á háskólafundum og sagði það ánægjulegt að hafa verið með í þróun þessa fundavettvangs og vonaði að hann héldi áfram að eflast og styrkjast á komandi árum.

3. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá og fundi slitið kl. 16:10.